



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 10. maí 2023

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Þingskjal 1530 – 982. mál. 153. Löggjafarþing 2022-2023.

Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís fagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi. Skýr sýn stjórnvalda um áherslur í menntakerfinu, í vísindum, nýsköpun og sjálfbærum þekkingariðnaði er forsenda markvissrar framþróunar í þessum málaflokkum. Skýr sýn stjórnvalda styður við það faglega starf sem Rannís vinnur til stuðnings áherslum stjórnvalda. Þingsályktunartillagan er í góðu samræmi við markmið sem sett eru fram í þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2024-2028. Þá er tillagan gott veganesti fyrir framtíðarsýn og aðgerðaráætlun ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun sem mælt er fyrir í lögum nr. 137/2022 um Vísinda- og nýsköpunarráð.

Í mars síðastliðnum sendi Rannís inn umsögn um fyrri drög þessarar tillögu til þingsályktunar þegar hún var birt í Samráðsgátt stjórnvalda. Í nýjum drögum er skerpt frekar á sýn stjórnvalda, auk þess sem skerpt er enn frekar á áhersluatriðum fyrir rannsóknir annars vegar og samspil rannsókna og nýsköpunar hins vegar.

Rannís fagnar þeirri ríku áherslu sem lögð er á alþjóðavæðingu og alþjóðlegt samstarf sem hefur eflst mjög síðasta áratuginn. Rannís tekur undir mikilvægi þess að styðja við alþjóðavæðingu háskólastarfs, m.a. með því að fjölga erlendum nemum sem fá sínar gráður á Íslandi. Í því samhengi má geta að þess að Rannsóknasjóður styður nú þegar við sívaxandi fjölda erlendra doktorsnema og það sama má segja um erlenda nýdoktora. Í tillögunni er þar að auki lögð áhersla á tækifæri fyrir nemendum á Íslandi til að taka þátt í skiptinámi erlendis, sem Erasmus+ áætlunin hefur stutt dyggilega við í yfir 30 ár. Rannís vill í þessu samhengi benda á að aukin alþjóðavæðing getur einnig falist í fjölgun skiptinema sem hingað koma, meiri hreyfanleika alls starfsfólks í háskólum og komu erlendra sérfræðinga úr atvinnulífinu til að sinna háskólakennslu til skemmri tíma.

Erasmus+ áætlunin hefur einnig stutt við samstarf háskóla, t.d. við að auka gæði náms og að innleiða nútíma kennsluhætti í alþjóðlegu samhengi. Skýr stefnumörkun stjórnvalda fyrir alþjóðavæðingu háskólastigsins myndi styðja stofnanir landsins enn frekar við að móta og ná markmiðum sínum á þessu sviði, og aukið samstarf þeirra á milli gæti tryggt enn betri árangur í alþjóðastarfi. Enn fremur lýsir Rannís yfir ánægju með hugmyndir að nýju og gagnsæju

reiknilíkani um fjárveitingar til háskóla og hvetur til þess að það muni fela í sér hvata til frekari alþjóðavæðingar.

Í tillögunni er rætt hvernig megi laða að erlenda sérfræðinga til að styðja við íslenskt hugvittissamfélag, en einnig mætti gera ráð fyrir meiri stuðningi við að laða að íslenska sérfræðinga og vísindamenn sem starfa erlendis, t.d. með aukinni sókn í Marie Skłodowska-Curie áætlunina eða rýmkun skilyrða til að fá skattfrádrátt erlendra sérfræðinga. Slíkur hreyfanleiki er ekki síður mikilvægur fyrir Ísland, og er jafnvel líklegri til að leiða til þess að sérfræðingar í lengist hérlendis.

Rannís hefur stutt vísinda- og nýsköpunarsamfélagið til góðra verka og góðs árangurs á alþjóðlegum vettvangi í áraradír og stefnir að áframhaldandi góðu samstarfi við stjórnvöld til að gera jafnvel enn betur er fram í sækir.

Í þingsályktunartillögunni má finna þá athugasemd að styrkjakerfi rannsókna á Íslandi sé „óaðgengilegt“. Rannís leggur mikinn metnað í að veita þjónustu sem sé aðgengileg öllum og leggur áherslu á rafræna umsýslu, öflugt kynningarstarf um allt land og opna fjarfundi. Því er vert að ítreka aftur að Rannís er boðið og búið til að ræða hvernig hægt sé að gera enn betur í stuðningi við öll þau sem stunda rannsóknir á Íslandi.

Rannís tekur sem fyrr undir ákall um að opinbert fjármagn til rannsókna og nýsköpunar sé nýtt á skilvirkastan hátt, þ.m.t. með rekstri færri en stærri samkeppnissjóða þar sem gæði liggja til grundvallar faglegu mati. Rannís hefur markvisst unnið að aukinni skilvirkni í umsýslu sjóða undanfarin ár og ber þar hæst aukin notkun stafræna lausna fyrir umsóknir og úrvinnslu þeirra. Er það stefna Rannís að gera enn betur á því sviði og styðja þannig við þær áherslur sem birtast í þingsályktunartillögunni.

Loks tekur Rannís undir mikilvægi þess að safna góðum gögnum um þessa málaflokka og nýta við ákvarðanatöku og mun Rannís þróa Gagnatorg sitt áfram til að styðja frekar við þær aðgerðir sem settar eru fram í þingsályktunartillögunni. Unnið verður enn ítarlegri greining út frá kynjasjónarmiði, sérstaklega fyrir Tækniþróunarsjóð og Skattfrádrátt rannsókna- og þróunarverkefna. Rannís tekur undir þær áherslu á fjölbreytni í þátttöku í nýsköpun sem koma fram í tillögunni fagnar boðaðri endurskoðun á úthlutunarreglum sjóða og umhverfi nýsköpunar.



Ágúst Hjörtur Ingþórsson

forstöðumaður Rannís